Qualified Electronic Signature
RAKEL SÆMUNDSDÓTTIR
2023-12-29 12:28:29 GMT
GoPro

Qualified Electronic Signature
AXEL BENEDIKTSSON
2023-12-29 15:37:34 GMT
GoPro

UMHVERFIS
STOFNUN

Snæfellsbær
Hildigunnur Haraldsdóttir
Klettsbúð 4
360 Snæfellsbær

Reykjavík, 29. desember 2023
UST202312-098/A.B.
10.04.03

**Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Miðsvæði á Hellissandi Snæfellsbær**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Snæfellsbæjar er barst 12. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu deiliskipulag fyrir miðsvæði á Hellissandi

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagið nær til miðsvæðis M-1 á Hellissandi þar sem fyrirhugað er að stækka hótel á lóðunum nr. 7a og 9 við Klettsbúð. Þar er gert ráð fyrir að hækka núverandi hótel um eina hæð og verður það þriggja hæða. Auk þess er fyrirhugað reisa tveggja hæða viðbyggingu fyrir hótelherbergi og einnar hæðar viðbyggingu við matsal.

**Hraun og náttúruminjaskrá**

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt afmörkun Náttúrufræðisstofnunar Íslands eru innan skipulagssvæðisins hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum og nefnast þau Prestahraun, Bekkjarhraun og Sandhraun. Auk þess er svæðið á náttúruminjaskrá og nefnist það utanvert Snæfellsnes. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að ofangreint komi fram í tillögunni og það metið hver áhrif tillögunnar er á verndarsvæðin.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
***sérfræðingur***
Rakel Sæmundsdóttir
***sérfræðingur***